



# ÁRSSKÝRSLA 2002



## **Skipulag Sláturfélags Suðurlands svf. 31.12.2002**

### **Stjórn:**

Páll Lýðsson, Litlu-Sandvík, Árnessýslu, formaður  
Jónas Jónsson, Kálfholti, Rangárvallasýslu, varaformaður  
Sigurlaug Jónsdóttir, Hraunkoti, V-Skaftafellssýslu  
Hallfreður Vilhjálmsson, Kambshóli, Borgarfjarðarsýslu  
Hreiðar Grímsson, Grímsstöðum, Kjósarsýslu

### **Varastjórn:**

Aðalsteinn Guðmundsson, Hústóftum II, Árnessýslu  
Bergur Pálsson, Hólmahjáleigu, Rangárvallasýslu  
Ólafur Þorsteinn Gunnarsson, Giljum I, V-Skaftafellssýslu  
Brynjólfur Ottesen, Ytra-Hólmi I, Borgarfjarðarsýslu  
Guðmundur Jónsson, Reykjum, Kjósarsýslu

### **Félag skjörnir skoðunarmenn:**

Arnór Karlsson, Arnarholti, Biskupstungnahreppi  
Kristján Mikkelsen, Stóru-Mörk III, V-Eyjafjallahreppi

### **Varaskoðunarmenn:**

Haraldur Sveinsson, Hrafnkelsstöðum, Hrunamannahreppi  
Sveinbjörn Jónsson, Stóru-Mörk I, V-Eyjafjallahreppi

### **Forstjóri:**

Steinþór Skúlason

### **Forstöðumenn aðaldeilda:**

Hjalti H. Hjaltason, fjármáladeild  
Guðmundur Svavarsson, framleiðsludeild  
Hallgrímur Hólmsteinsson, markaðsdeild

Umsjón: Fjármáladeild SS

Hönnun: Prentmet

Forsíðumynd: Landssveit - Myndabanki.is / Jóhann Ísberg

Prentvinnsla: Prentmet

Prentað á umhverfisvænan pappír

# Ársskýrsla 2002

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF.  
96. starfsár  
AÐALFUNDUR 4. APRÍL 2003

## *Efnisyfirlit*

Ávarp forstjóra .....	2
Afkoma ársins .....	3
Rekstur megindeilda .....	4
Lykiltölur úr samstæðureikningi .....	8
Ársreikningur 2002 .....	9
Áritanir .....	10
Rekstrarreikningur .....	11
Efnahagsreikningur .....	12
Sjóðstreymi .....	14
Skýringar með ársreikningi .....	15
Félagsdeildir og formenn .....	20
Starfshættir SS .....	21

## ÁVARP FORSTJÓRA

Erfiðar aðstæður á kjötmarkaði settu mark á rekstur Sláturfélagsins á liðnu ári. Mikið offramboð kjúklinga og svinakjöts orsakaði verðlækkun og óraunhæfa samkeppni sem hefur leitt til tjóns flestra sem byggja að stórum hluta á þessum kjötttegundum. Áhrif kjúklinga og svína munu koma fram með neikvæðum hætti í sölu og verðmyndun annarra kjötttegunda á þessu ári. Staða dilkakjöts verður slæm næsta haust.

Það er áhyggjuefni að hagsmunaaðilar geti ekki stuðlað að betra jafnvægi með langtíma hagræðingu og verðlækkun að leiðarljósi. Kollsteypa eins og nú er að verða leiðir fjölda aðila til þrots á stuttum tíma og miklir fjármunir tapast.

Sláturfélagið er mjög vel í stakk búið til að takast á við þessar aðstæður í krafti góðs efnahags, stærðarhagkvæmni og fjárfestinga félagsins í Ferskum kjötvörum og Reykjagarði. Það styrkir félagið í rekstri að þrátt fyrir að deildir þess vinni á tengdum mörkuðum eru sveiflur þessara markaða ekki eins. Slátrun og kjötiðnaður glíma við erfitt umhverfi sem stendur en góður gangur og uppbygging er í áburðarsölu og innflutningsvörum.

Sóknarfæri liggja bæði innanlands og utan og verkefni starfsmanna félagsins verður á næstu árum að nýta þau tækifæri sem skapast hafa með kaupum á nýjum félögum í úrvinnslu kjötafurða.

Félagsmönnum, starfsfólki og eigendum B hlutabréfa er þakkað gott samstarf á árinu.



## AFKOMA ÁRSINS 2002

Ársreikningur síðasta árs var gerður sem samstæðureikningur Sláturfélags Suðurlands svf. og SS Afurða ehf., en nú er það ekki þar sem SS Afurðir ehf. sameinaðist Sláturfélaginu 1.1.2002. Í ársreikninginn er einnig tekin með hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaga. Ársreikninginn er að finna á blaðsíðum 9 - 19.

Á árinu 2002 var hagnaður af rekstri Sláturfélags Suðurlands 19,0 mkr. en árið áður var tap 58,6 mkr.

Rekstrartekjur Sláturfélagsins á árinu 2002 voru 3.708,8 mkr. en 3.468,2 mkr. árið áður. Velta jókst því um 6,9% frá fyrra ári.

Rekstrargjöld námu 3.643,3 mkr. Þau hækkuðu um 7,2% á milli ára. Vöru- og umbúðanotkun var 2.131,9 mkr. og hækkaði um 7,5% frá fyrra ári. Laun og starfsmannakostnaður nam 849,6 mkr. og hækkaði um 4,5% frá árinu áður. Önnur rekstrargjöld námu 507,4 mkr. og hækkuðu um 11,4% frá fyrra ári. Afskriftir voru 154,4 mkr. en voru 147,0 mkr. árið áður.

Rekstrarhagnaður ársins án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 65,5 mkr. en var 69,6 mkr. árið áður. Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld voru 6,1 mkr. en á árinu á undan voru fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur 124,3 mkr. Lækkun fjármagnsgjalda skýrist fyrst og fremst af 59,7 mkr. gengishagnaði en árið áður var 73,5 mkr. gengistap. Undir fjármagnsliðum er 27,0 mkr. gjaldfærsla vegna niðurfærslu hlutabréfa í eigu félagsins en árið áður var hún 25,0 mkr. Skattar voru 7,6 mkr. en voru 5,8 mkr. árið áður. Tap af rekstri hlutdeildarfélaga var 45,0 mkr. en 1,9 mkr. hagnaður var árið áður.

Í árslok 2002 voru heildareignir Sláturfélags Suðurlands bókfærðar á 2.931,9 mkr. og hækkuðu um 0,2% frá fyrra ári. Fastafjármunir voru 1.804,2 mkr. og hækkuðu um 2,2%. Veltufjármunir voru 1.127,6 mkr. og höfðu lækkað um 2,8%.

Eigið fé var 1.216,7 mkr. og hafði hækkað um 2,7% eða 32,1 mkr. Eiginfjárlutfall í lok ársins 2002 var 41,5% en var 40,5% á sama tíma árið áður. Langtímaskuldir og eftirlaunaskuldbinding voru 864,3 mkr. og skammtímaskuldir voru 850,8 mkr. Heildareignir Sláturfélagsins voru því fjármagnaðar þannig að 29% voru skammtímalán, 29% voru langtímalán og eftirlaunaskuldbinding, og eigið fé 42%. Veltufjárlutfall var 1,3 í árslok 2002 óbreytt frá fyrra ári. Arðsemi ársins 2002 var 1,6% en arðsemi eiginfjár rýrnaði að raunvirði um 5,0% á árinu 2001.

Ef reikningsskilin hefðu ekki verið verðleiðrétt hefði hagnaður ársins orðið 12,6 mkr. lægri og eigið fé 32,3 mkr. lægra.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir alls 97,4 mkr. á árinu, en fyrir 161,0 mkr. árið áður. Vegna fasteigna var varið 25,9 mkr., 65,5 mkr. til kaupa á framleiðsluvélum og tækjum, aðallega fyrir kjötvinnslu á Hvolsvelli og 6,0 mkr. vegna bifreiða. Á árinu voru seldir fastafjármunir fyrir 8,1 mkr.


Fjárfesting í eignarhlutum í félögum nam 133,3 mkr. en 58,2 mkr. árið áður. Á árinu var gengið frá kaupum á hlut í kjötvinnslufyrirtækinu Ferskum kjötvörum ehf. og aukin hlutabréfaeign félagsins í Guldfoos A/S í Danmörku og selt af hlutabréfaeign félagsins í Ísfugli ehf. Í lok júlí var undirritað samkomulag milli Búnaðarbanka Íslands hf. og Sláturfélags Suðurlands um kaup Sláturfélagsins á 67% hlut í kjúklingaframleiðslufyrirtækinu Reykjagarði hf. Þar sem áreiðanleikakönnun er ekki lokið, er kaupverð hlutabréfanna ekki fært í ársuppgjöri Sláturfélagsins 2002.

Veltufé frá rekstri var 171,3 mkr. árið 2002, samanborið við 159,7 mkr. árið 2001.

Í árslok 2002 störfuðu 296 starfsmenn hjá Sláturfélaginu og er það fækkun frá árinu áður, er þeir voru 301. Þegar starfsmenn voru flestir hjá félaginu í sláurtíð voru 499 á launaskrá. Unnin ársverk 2002 voru 339 og hafði fækkað um 1 frá árinu áður er þau voru 340.

Skráð viðskipti með hlutabréf Sláturfélagsins voru 4,2 mkr. á árinu 2002, en það er sama og árið áður. Gengi hlutabréfa Sláturfélagsins var 1,5 í árslok 2002, en 1,4 í upphafi árs.

### Hlutfallsleg skipting rekstrartekna 2002




■ Kjötiðnaður	50,3%
■ Afurðadeild	33,4%
■ Heildsala	16,3%

### Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda 2002



■ Vöru- og umbúðanotkun	58,6%
■ Laun og starfsm.k.	23,3%
■ Annar rekstrarkostnaður	13,9%
■ Afskriftir	4,2%

### Gengispróun hlutabréfa SS hjá VPI 22. maí 1996 - 27. feb. 2003



## AFURÐARDEILD



Sumarslátrun sauðfjár hófst í byrjun ágúst og hefðbundin sláturtíð um miðjan september. Betur gekk að skipuleggja slátrun en árið áður þar sem nú var vitað um fjölda sláturhúsa sem yrðu í rekstri og bændur því meira afgerandi við pöntun innleggs. Þar sem gera má ráð fyrir aukinni útflutningsskyldu næsta haust er nauðsynlegt að geta hafið slátrun með fullum afköstum fyrr en um miðjan september, svo hægt sé að ljúka henni fyrir hrútafellingardag. Á þetta sérstaklega við sláturhúsið á Selfossi. Um 5% samdráttur varð í slátrun milli ára, einkum vegna fækkunar sauðfjár á félagssvæðinu.

Samstarf tókst við alþjóðlegt garnavinnslufyrirtæki um hirðingu og útflutning á lambagörnum og lofa tilrauna-sendingar góðu um framhaldið.

Með markvissum aðgerðum og góðu samstarfi deildarstjóra, bænda, bilstjóra og starfsmanna félagsins náðist veruleg lækkun flutningskostnaðar að sláturhúsum, eins og að var stefnt.

Frystigeymslur með útflutningsleyfi voru leigðar áfram af Kuldabola í Þorlákshöfn, sem jafnframt annaðist grófsögun dilkaskrokka í verktöku.

Ferskt dillakjöt var flutt út til Danmerkur og Bandaríkjanna á meðan slátrun stóð yfir. Áfram voru fluttar út frosnar afurðir einkum úr slögum og frampörtum.

Skoðunarmaður bandarískra stjórnvalda gerði úttekt á sauðfjársláturhúsinu á Selfossi og uppfyllti húsið kröfur til útflutnings á Bandaríkjamarkað.

Ný aðferð við gærusöltun var þróuð og voru gærur frá Selfossi tromlusaltaðar í steypubílum og fluttar út jafnóðum. Gærur frá sláturhúsunum á Laxá og Kirkjubæjarklaustri voru seldar til innlendra sútunar-verksmiðja.

Mönnun sláturhúsa félagsins gekk betur en undanfarin ár. Eins og áður starfaði þar fastur kjarni starfsfólks, sem miðlar þekkingu og reynslu til þeirra sem óvanir eru. Erlendir starfsmenn komu til starfa í sláturhúsunum eins og undanfarin ár.

Stórgripaslátrun jókst á milli ára, sem skilaði bættri nýtingu húss og búnaðar. Þar starfar samhentur hópur sem hefur margra ára reynslu í slátrun og skilar góðum afköstum. Hluti starfsmanna stórgripahússins lauk á síðasta ári slátraranámi, sem er mjög jákvætt með tilliti til gæðasjónarmiða. Biðlistar eftir slátrun kúa voru í sögulegu lágmarki, en talsverð bið eftir ungneytaslátrun. Hrossaslátrun minnkaði um 12% frá fyrra ári, en illa gekk að afsetja folaldakjöt. Svínaslátrun í húsinu jókst verulega á árinu einkum í verktöku. Erfiðleikar á kjötmarkaði settu svip sinn á svínakjötsmarkaðinn. Bið eftir slátrun olli svínabændum vandræðum og afsetning svínakjöts var félaginu erfið vegna mikils framboðs og undirboða á markaðnum.

## AFURÐIR

### SAUÐFÉ

Sumarslátrun hófst 29. júlí og var slátrað 7.891 kind. Þann 16. september hófst haustslátrun á Laxá, Klaustri og Selfossi. Slátrun lauk 5. nóvember á Klaustri, 9. á Laxá og 28. á Selfossi. Haustslátrun var alls 103.911 fjár en önnur slátrun var 32.350 kindur. Alls var slátrað 136.261 kindum á árinu, 2.086 tonn, og af þeim voru 3.935 kindur heimteknaðar. Meðalþungi innlagðra dilka var 14,8 kg en árið 2001 var hann 14,7 kg.

Á árinu 2002 voru flutt út tæplega 463 tonn ígildi DIA. Birgðir kindakjöts í eigu afurðardeildar í lok ársins voru 1.502 tonn á móti 1.457 tonnum árið áður.

### NAUT

Heildarslátrun nautgripa árið 2002 var 1.224 tonn af 7.437 sláturgripum og þar af var heimtaka rúmlega 21 tonn. Þetta er 217 tonna aukning frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra nautgripaafurða á árinu 2002 var 279,9 mkr. en var 233,6 mkr. árið 2001.

Birgðir nautakjöts í eigu afurðardeildar voru í árslok 5,0 tonn en árið áður voru birgðir 9,4 tonn.

### HROSS

Heildarslátrun hrossa árið 2002 var 422 tonn af 3.123 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 272 tonn. Þetta er 54 tonna samdráttur í slátrun frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra hrossaafurða á árinu 2002 var 15,3 mkr. en var 22,5 mkr. árið áður.

Heildarsala hrossakjöts á árinu 2002 var 136 tonn á móti 155 tonnum árið áður, þar af voru flutt út rúmlega 16 tonn umreiknað í kjöt í heilu.

Birgðir hrossakjöts í eigu afurðardeildar voru í árslok rúmlega 15 tonn en þær voru 43 tonn árið 2001.

### SVÍN

Heildarslátrun svína árið 2002 var 1.489 tonn af 18.026 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 348 tonn.





Heildarverðmæti innlagðra svínaafurða á árinu var 204,1 mkr. en var 256,8 mkr. árið áður.

Heildarsala svínakjöts á árinu 2002 var 1.099 tonn sem er 31 tonni minni en árið 2001.

Birgðir svínakjöts í eigu afurðardeildar voru 3,5 tonn en voru 5 tonn í árslok 2001.

## FJÖLDI SLÁTURFJÁR Á SLÁTURHÚS

	Fjöldi sláturfjár		Br. milli ára	
	2002	2001	stk.	%
Kirkjubæjarklaustur	27.066	26.150	916	3,5%
Selfoss	84.457	89.966	(5.509)	(6,1%)
Laxá	24.738	26.916	(2.178)	(8,1%)
Samtals	136.261	143.032	(6.771)	(4,7%)



## AÐRAR DEILDIR

Kjötiðnaður félagsins bjó við óvægna samkeppni á árinu sem leið en kaupendur hafa um of einblínt á verð án tillits til gæða sem til lengri tíma er slæm þróun. Þetta hefur komið niður á vörubrúun sem er slæmt fyrir íslenskan landbúnað. Til að mæta aðstæðum á markaði hefur verið brugðist við með aðhaldsaðgerðum til að draga úr kostnaði.

Samkeppni á pylsumarkaði var einkar hörð á árinu en hart var sótt að SS pylsuni á pylsumarkaði. Þrátt fyrir þessar aðgerðir hefur SS pylsan nú náð sömu markaðshlutdeild og fyrir þessa miklu samkeppni sem staðfestir þá trú okkar að „Íslendingar borða SS pylsur“.

Nýr réttur í 1944 línunni var settur á markað, *Grænmetisúpa*. 1944 línan er vel þekkt hjá neytendum enda hefur eftirspurn eftir tilbúnum réttum aukist í kjölfar breyttra heimilisaðstæðna. Nýrri *Helgarsteik* var bætt við þá vinsælu línu sem seld hefur verið með góðum árangri undanfarin ár. Þessi nýja steik er *Koniakslegin grísasteik*. *Rauðvinslegið lambalæri* hefur verið best selda kryddlegna lambakjötið um árabil en í ár var kynnt minni söluening af þessum vinsæla lið. Markmiðið var að auka sölu í lambakjöti til minni fjölskyldna og einstaklinga. Dreifing á þessum vörulið gengur vel. Með minni fjölskyldur og einstaklinga í huga var einnig kynnt viðbót við *Forsteikt & Fljótlegt* línuna í nýjum og minni umbúðum. Hamborgarhryggur niðursneiddur var settur á markað í desember sem viðbót við hina vinsælu áleggslínu SS. Fyrir jólin voru tveir nýir vöruliðir markaðssettir, *Búrfellshangikjöt* og *Taðreykt sauðahangikjöt*. Á bensínstöðvarmarkaði kynntum við nýja gerð af pylsu sem unnin var í samvinnu við Ólíufélagið Esso, *Pepperonipylsu*. Áfram verður unnið náið með bensínstöðvum að nýjungum og vörubrúun.

95 ára afmæli SS var fagnað á árinu með viðeigandi hætti og markaðsstarf félagsins snerist að hluta um þann viðburð á vordögum. Markaðsherferð sumarsins á pylsumarkaði heppnaðist einkar vel. Svipuð herferð er fyrirhuguð nú í sumar, enda verðmætur markaður fyrir SS.

Faglegur metnaður kjötiðnaðarmanna félagsins kom berlega í ljós við þátttöku þeirra í fagkeppnum hér heima og erlendis, þar sem þeir unnu til fjölda viðurkenninga og verðlauna.

Aðstaða og búnaður kjötvinnslunnar á Hvolsvelli er með því besta sem þekkest. Vörumerki félagsins eru sterk og traust. Kjötiðnaður félagsins stendur því föstum fótum og félagið mun hér eftir sem hingað til verða leiðandi í matvælaíðnaði á Íslandi. Íslendingar treysta félaginu til að framleiða aðeins gæðamatvöru hverju sinni og standa þannig fyrir slagorðinu „Fremstir fyrir bragðið“.

Innflutningsdeild fyrirtækisins stækkaði á árinu og skipar alltaf stærri sess í rekstri félagsins. SS flytur inn heimsþekkt vörumerki sem eru flest hver markaðsleiðandi á sínum markaði. Dæmi um vörumerki sem SS flytur inn eru Barilla pasta, Pedigree og Whiskas dýramatur, McCormick krydd, Uncle Ben's hrísgrjón og sósur og síðast en ekki síst sælgæti frá Mars fyrirtækinu. Sláturfélagið er einnig einkasöluaðili fyrir Norsk Hydro áburð og jókst markaðshlutdeild félagsins umtalsvert á árinu. Áburðinum er nú dreift á landsvísu með uppskipun á öllum helstu höfnum landsins. Sláturfélagið er nú orðið leiðandi í sölu á einkorna áburði.

SS á og rekur einn stærsta vef landsins, uppskriftir.is, en á árinu tóku landsþekktir blaðamenn við sem ritstjórar vefsins. Vinsældir uppskrifta.is jukust á árinu og eru nú um 8000 einstaklingar skráðir félagar í matarklúbbi uppskrifta.is.





## FJÖLDI SLÁTURFJÁR OG MEÐALÞUNGI DILKA

	2002		2001	
	stk.	kg.	stk.	kg.
Hörglandsdeild	6.590	14,5	6.916	14,5
Kirkjubæjarsdeild	7.717	14,9	7.577	14,8
Meðallandsdeild	2.859	13,6	2.725	13,5
Skaftártungudeild	6.042	15,2	5.427	15,1
Álftaversdeild	2.085	15,4	1.966	15,4
Hvamsdeild	2.825	15,3	2.904	15,3
Dyrhóladeild	2.720	14,5	2.601	14,9
A-Eyjafjalladeild	1.888	14,8	1.837	14,9
V-Eyjafjalladeild	4.248	14,2	5.212	14,2
A-Landeyjarsdeild	2.179	13,9	3.665	13,9
V-Landeyjarsdeild	3.481	14,2	3.138	15,1
Fljótshlíðarsdeild	5.106	14,8	5.151	14,5
Hvolhreppsdeild	1.004	14,8	695	15,2
Rangárvalladeild	5.316	14,3	5.093	14,3
Landmannadeild	2.097	14,5	2.008	14,3
Holtadeild	3.326	15,3	3.459	15,5
Ásadeild	2.788	14,3	2.642	14,5
Djúpársdeild	1.338	14,0	1.221	14,3
Gaulverjabæjarsdeild	439	16,2	468	15,9
Stokkseyrarsdeild	168	15,4	250	16,1
Sandvíkurdeild	125	17,3	105	13,8
Hraungerðisdeild	1.741	15,6	1.497	15,7
Villingaholtsdeild	1.073	15,5	1.083	15,6
Skeiðadeild	1.530	14,8	1.494	15,2
Gnúpverjarsdeild	2.095	15,3	2.140	15,7
Hrunamannadeild	5.857	14,8	6.472	14,9
Biskupstungnadeild	4.123	15,0	3.861	15,4
Laugardalsdeild	914	15,9	826	16,3
Grímsnesdeild	4.477	14,5	4.131	14,6
Þingvalladeild	2.176	14,3	2.188	15,2
Grafningsdeild	2.092	15,7	2.230	15,2
Ölfusdeild	2.222	15,1	2.543	15,1
Selfossdeild	466	15,2	780	15,6
Mosfellsdeild	340	14,8	454	14,7
Kjalarnesdeild	522	15,5	435	15,5
Kjósarsdeild	2.576	14,9	2.480	14,1
Hvalfjarðarstrandarsdeild	1.737	15,3	2.131	15,1
Borgarfjarðarsdeild	4.006	14,5	5.865	14,0
Leirár- og Melarsdeild	2.625	15,0	2.503	14,9
Skilmannarsdeild	1.178	13,3	851	13,0
Akranesdeild	1.547	13,5	1.403	14,2
Dalir	13.086	14,9	13.502	14,7
Snæfellsnes/Borgarfj. n. Hvítár	9.035	15,0	11.867	14,9
Austan Lómagnúps	3.965	15,4	4.778	15,0
Annað utan deilda	2.537	14,8	1.463	14,8

## LYKILTÖLUR ÚR SAMSTÆÐUREIKNINGI

<b>Rekstur</b>	<b>2002</b>	<b>2001</b>	<b>2000</b>	<b>1999</b>	<b>1998</b>
<i>Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs.</i>					
Rekstrartekjur .....	3.708,8	3.468,2	3.097,5	2.878,6	2.770,8
Rekstrargjöld án afskrifta .....	3.488,9	3.251,6	2.794,3	2.609,2	2.519,4
Afskriftir .....	154,4	147,0	136,1	124,0	109,2
<b>Rekstrarhagnaður (tap) .....</b>	<b>65,5</b>	<b>69,6</b>	<b>167,1</b>	<b>145,4</b>	<b>142,2</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6,1	(124,3)	(68,2)	(15,2)	(22,7)
Hagnaður (tap) af rekstri hlutdeildarfélaganna .....	(45,0)	1,9	1,4	3,8	(0,7)
<b>Hagn. (tap) fyrir skatta .....</b>	<b>26,6</b>	<b>(52,8)</b>	<b>100,3</b>	<b>134,0</b>	<b>118,8</b>
Tekju- og eignarskattur .....	(7,6)	(5,8)	(9,8)	(10,9)	(7,8)
<b>Hagnaður (tap) ársins .....</b>	<b>19,0</b>	<b>(58,6)</b>	<b>90,5</b>	<b>123,1</b>	<b>111,0</b>
<b>Veltufé frá rekstri .....</b>	<b>171,3</b>	<b>159,7</b>	<b>269,5</b>	<b>242,7</b>	<b>231,2</b>

<b>Efnahagur 31. desember</b>	<b>2002</b>	<b>2001</b>	<b>2000</b>	<b>1999</b>	<b>1998</b>
<i>Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs.</i>					
Fastafjármunir .....	1.804,2	1.764,9	1.586,0	1.473,6	1.348,1
Veltufjármunir .....	1.127,6	1.159,8	935,0	773,4	670,4
<b>Eignir samtals .....</b>	<b>2.931,8</b>	<b>2.924,7</b>	<b>2.521,0</b>	<b>2.247,0</b>	<b>2.018,5</b>
<b>Eigið fé .....</b>	<b>1.216,7</b>	<b>1.184,6</b>	<b>1.179,8</b>	<b>1.076,2</b>	<b>911,0</b>
Þar af A og B-deild stofnsjóðs .....	411,2	419,3	410,6	407,3	412,3
Langtímaskuldir .....	864,3	845,5	867,7	764,3	699,8
Skammtímaskuldir .....	850,8	894,6	473,5	406,5	407,7
<b>Skuldir samtals .....</b>	<b>1.715,1</b>	<b>1.740,1</b>	<b>1.341,2</b>	<b>1.170,8</b>	<b>1.107,5</b>

<b>Kennitölur</b>					
Hagn. (tap) sem hlutfall af rekstrartekjum .....	0,5%	(1,7%)	2,9%	4,3%	4,0%
Veltufjárhlutfall .....	1,3	1,3	2,0	1,9	1,6
Eiginfjárhlutfall .....	42%	41%	47%	48%	45%
Innra virði .....	3,0	2,8	2,9	2,6	2,2
Arðsemi eigin fjár .....	2%	(5%)	8%	12%	13%

<b>Ársverk</b>					
Unnin ársverk .....	339	340	339	336	327

# Ársreikningur 2002

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF.

## SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Ársreikningur Sláturfélags Suðurlands svf. er gerður samkvæmt almennum reikningsskilaaðferðum og með hliðstæðum hætti og árið áður. Ársreikningur félagsins er verðleiðréttur. Að áliti stjórnar og forstjóra koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2002.

Í lok júlí sl. var undirritað samkomulag milli Búnaðarbanka Íslands hf. og Sláturfélags Suðurlands svf. um kaup Sláturfélagsins á 67% hlut í kjúklingaframleiðslufyrirtækinu Reykjagarði hf. Þar sem áreiðanleikakönnun á stöðu Reykjagarðs hf. er ekki lokið, þá er kaupverð hlutabréfanna ekki fært í ársuppgjöri Sláturfélagsins 2002.

Samkvæmt rekstrarreikningi nema rekstrartekjur ársins 3.709 millj.kr. Hagnaður af rekstri félagsins á árinu er 19 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 2.932 millj.kr. Bókfært eigið fé er í árslok 1.217 millj.kr. og er eiginfjárhlutfall 41,5%. Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum félagsins.

Stofnsjóðseign í A-deild er í árslok 211 millj.kr. og eiga 2.208 aðilar yfir kr. 1.000 í stofnsjóði, en þeir voru 2.226 árið áður. Á árinu nam útborgað stofnfé að frádregnu innborguðu um 8,1 millj.kr. Stofnsjóðseign í B-deild er í árslok 200 millj.kr. sem skiptist á milli 618 aðila og fækkaði þeim um 7 frá síðasta ári. Enginn stofnsjóðseigandi á yfir 10% af stofnsjóði A-deildar, en einn hluthafi á yfir 10% hlut í B-deild stofnsjóðs, Svinabúið Brautarholti ehf. með 23,9% eignaraðild.

Stjórn félagsins leggur til að vegna ársins 2002 verði greiddur 5% arður af nafnverði hluta í B-deild stofnsjóðs alls 10 millj.kr. og reiknaðir verði 3% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs alls 6,3 millj.kr. Stjórn félagsins vísar að öðru leyti til ársreikningsins um breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins.

Stjórn og forstjóri Sláturfélags Suðurlands svf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. febrúar 2003

Stjórn

Páll Lýðsson

Jónas Jónsson  
Hreiðar Grímsson

Hallfreður Vilhjálmsson  
Sigurlaug Jónsdóttir

Forstjóri  
Steinþór Skúlason

## ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og eigenda Sláturfélags Suðurlands svf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðun þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðun felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðun felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2002, efnahag 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002 í samræmi við lög, félagssamþykktir og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 20. febrúar 2003

Deloitte & Touche hf.  
Halldór Arason  
Arnór Eggertsson

Félagskjörnir skoðunarmenn  
Arnór Karlsson  
Kristján Mikkelsen

# REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2002

	Skýr.	2002 í þús.kr.	2001 í þús.kr.
<b>Rekstrartekjur</b>			
Sölutekjur .....		3.708.832	3.468.158
		<u>3.708.832</u>	<u>3.468.158</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Vöru- og umbúðanotkun .....		2.131.878	1.983.148
Laun og tengd gjöld .....		849.556	812.967
Annar rekstrarkostnaður .....		507.446	455.410
Afskriftir .....	1.2.	154.431	147.038
		<u>3.643.311</u>	<u>3.398.563</u>
<i>Hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda</i>		65.521	69.595
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	7.6.	6.054	(124.329)
		<u>6.054</u>	<u>(124.329)</u>
<i>Hagnaður (tap) fyrir skatta, án áhrifa hlutdeildarféлага</i>		71.575	(54.734)
Afkoma hlutdeildarféлага .....	3.1.	(44.973)	1.862
<i>Hagnaður (tap) fyrir skatta</i>		<u>26.602</u>	<u>(52.872)</u>
<b>Skattar</b>			
Reiknaður tekju- og eignarskattur .....	6.1.	(7.561)	(5.748)
		<u>(7.561)</u>	<u>(5.748)</u>
<b><i>Hagnaður (tap) ársins</i></b>		<u>19.041</u>	<u>(58.620)</u>

# EFNAHAGSREIKNINGUR

## Eignir

	Skýr.	2002 í þús.kr.	2001 í þús.kr.
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir .....	2.2.	1.109.611	1.118.415
Vélar, áhöld og innréttingar .....		429.152	440.031
Bifreiðir .....		55.802	63.118
	2.1.	<u>1.594.565</u>	<u>1.621.564</u>
Áhættufé og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í félögum .....	3.1.	166.663	112.524
Skuldabréfaeign .....	3.4.	43.010	25.498
Tekjuskattsinnæign .....		0	5.352
		<u>209.673</u>	<u>143.374</u>
		<u>1.804.238</u>	<u>1.764.938</u>
	<i>Fastafjármunir</i>		
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir:			
Birgðir .....	1.6.	775.141	822.702
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur .....	1.5.	299.596	303.096
Skuldabréfaeign .....	1.5.	17.625	13.298
Aðrar skammtímakröfur .....		4.028	3.905
Fyrirframgreiðslur .....		5.885	6.728
Handbært fé:			
Bankainnstæður .....		25.342	10.028
		<u>1.127.617</u>	<u>1.159.757</u>
	<i>Veltufjármunir</i>		
	<b>Eignir samtals</b>	<u>2.931.855</u>	<u>2.924.695</u>

## 31. DESEMBER 2002

### Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2002 í þús.kr.	2001 í þús.kr.
<b>Eigið fé</b>			
Stofnsjóður A-deild .....		211.227	219.341
Stofnsjóður B-deild, hlutafé .....		200.000	200.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár .....		159.111	159.111
Lögbundinn varasjóður .....		50.000	50.000
Annað eigið fé .....		596.380	556.166
<i>Eigið fé</i> 4.		<u>1.216.718</u>	<u>1.184.618</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Eftirlaunaskuldbinding .....	7.2.	47.914	52.914
		<u>47.914</u>	<u>52.914</u>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum .....		613.251	601.645
Skuldir í íslenskum krónum .....		478.448	472.056
Næsta árs afborgun .....		(275.244)	(281.106)
	5.1.	<u>816.455</u>	<u>792.595</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		211.447	243.286
Ýmsar skammtímaskuldir .....		359.642	359.076
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	5.2.	275.244	281.106
Ógreiddir skattar .....	6.1.	4.435	11.100
		<u>850.768</u>	<u>894.568</u>
<i>Skuldir og skuldbindingar</i>		<u>1.715.137</u>	<u>1.740.077</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u>2.931.855</u>	<u>2.924.695</u>

# SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2002

	Skýr.	2002 í þús.kr.	2001 í þús.kr.
<b>Handbært fé frá (til) rekstri:</b>			
Hagnaður (tap) ársins .....		19.041	(58.620)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	1.2.	154.431	147.038
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga .....	1.2.	(11.078)	(41.579)
Verðbætur og gengismunur eigna og skulda .....	1.3.	(63.456)	104.530
Skuldbindingar, breyting á árinu .....		352	(20.674)
Tap (hagnaður) af rekstri hlutdeildarféлага .....		44.973	(1.862)
Tap af sölu fastafjármuna .....		33	5.909
Niðurfærsla á hlutabréfaeign .....	3.3.	27.000	25.000
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>171.296</b>	<b>159.742</b>
<b>Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:</b>			
Birgðir, lækkun (hækkun) .....		47.561	(222.677)
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....		4.222	(35.432)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		(48.770)	69.736
		3.013	(188.373)
<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>		<b>174.309</b>	<b>(28.631)</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	2.1.	(97.426)	(160.960)
Fjárfesting í eignarhlutum í félögum .....	3.2.	(133.317)	(58.206)
Söluverð fastafjármuna .....		8.121	9.749
Skuldabréfaeign, (hækkun) lækkun .....		(21.220)	37.630
		(243.842)	(171.787)
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Skammtímalán, hækkun .....		10.832	149.905
Tekin ný langtímalán .....		350.000	170.760
Afborganir langtímalána .....		(269.166)	(83.171)
Arður af hlutdeildarfélagum .....		1.300	0
Stofnsjóðsgreiðslur A-deild .....	4.1.	(8.119)	(7.803)
Arður af stofnsjóði B-deildar .....		0	(27.886)
		84.847	201.805
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		<b>15.314</b>	<b>1.387</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<b>10.028</b>	<b>8.641</b>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<b>25.342</b>	<b>10.028</b>
<b>Aðrar upplýsingar:</b>			
Greiddir vextir .....		101.544	83.465
Greiddir skattar .....		8.874	9.719
Innborgaðar vaxtatekjur .....		60.839	49.459



# SKÝRINGAR

## I. Reikningsskilaaðferðir

- I.1. Með lögum nr. 133/2001 voru gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og lögum nr. 144/1994 um ársreikninga. Með breytingum voru verðleiðréttingar laga um tekjuskatt og eignarskatt lagðar af frá og með 1. janúar 2002. Einnig voru afnumin ákvæði laga um ársreikninga sem tóku til verðleiðréttinga í reikningsskilum vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga. Áfram er heimilt að færa sérstakt endurmat á eignir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í bráðabirgðaákvæði ársreikningalaga er félögum heimilað að taka tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga við gerð ársreikninga vegna reikningsára sem hefjast á árunum 2002 og 2003 í samræmi við þau ákvæði sem giltu fyrir lagabreytingar.

Sláturfélag Suðurlands svf. hefur ákveðið að nýta sér framangreint bráðabirgðaákvæði í ársreikningi þessum og verðleiðréttá reikningsskil félagsins. Ef reikningsskilin hefðu ekki verið verðleiðrétt hefði hagnaður ársins orðið 12,6 millj.kr. lægri og eigið fé 32,3 millj.kr. lægra.

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að teknu tilliti til áhrifa verðlagsbreytinga. Ársreikningur síðasta árs var gerður sem samstæðureikningur Sláturfélags Suðurlands svf. og SS Afurða ehf., en nú er það ekki þar sem SS Afurðir ehf. sameinaðist Sláturfélaginu 1.1.2002.

- I.2. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu eru reiknuð og færð í ársreikninginn með verðbreytingarstuðli sem miðaður er við hækkun vísitölu neysliverðs á árinu og nemur hækkunin 2,0%.

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2001 er endurmetið með því að framreikna stofnverð þeirra og fengnar afskriftir til ársloka 2002. Afskriftir eigna eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði framreiknuðu til meðalverðlags að teknu tilliti til eignarhaldstíma.

Áhrif almennra verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Staða peningalegra eigna og skulda í ársbyrjun að viðbættri breytingu á árinu annars vegar og stöðunni í árslok hins vegar myndar reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð 11,1 millj.kr. og er sú fjárhæð færð til tekna í rekstrarreikningi.

Mótfærsla endurmatshækkunar varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðra tekna vegna verðlagsbreytinga eru færðar meðal eigin fjár í efnahagsreikningi sbr. skýringu 4.2.

- I.3. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok og verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2003.
- I.4. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færð í rekstrarreikning.
- I.5. Viðskiptakröfur og skuldabréfaeign eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum og skuldabréfaeign í árslok í efnahagsreikningi.
- I.6. Afurðabirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðar- og framleiðsluverði. Rekstrarvörubirgðir eru eignfærðar á kostnaðarverði.

## 2. Varanlegir rekstrarfjármunir

2.1. Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat og afskriftir greinast þannig í þús.kr.:

	<b>Fasteignir</b>	<b>Vélar, áhöld innréttingar</b>	<b>Bifreiðir</b>	<b>Samtals</b>
Stofnverð 1.1.2002 .....	2.127.110	1.486.971	133.039	3.747.120
Afskrifað 1.1.2002 .....	(1.008.695)	(1.046.941)	(69.920)	(2.125.556)
Bókfært verð 1.1.2002	1.118.415	440.030	63.119	1.621.564
Viðbót ársins .....	25.962	65.491	5.973	97.426
Endurmat ársins .....	22.256	8.838	1.185	32.279
Selt og aflagt á árinu .....	0	0	(2.273)	(2.273)
Afskriftir ársins .....	(57.022)	(85.207)	(12.202)	(154.431)
Bókfært verð 31.12.2002	<u>1.109.611</u>	<u>429.152</u>	<u>55.802</u>	<u>1.594.565</u>
Afskriftarhlutföll	2-6%	12-20%	8-15%	

2.2. Bókfært verð, fasteigna- og brunabótamat fasteigna greinist þannig í þús.kr.:

	<b>Bókfært verð 31.12.02</b>	<b>Fasteignamat húsa 1.12.02</b>	<b>Fasteignamat lóða 1.12.02</b>	<b>Brunabóta- mat 1.1.03</b>
Fasteignir .....	1.109.611	890.639	81.874	2.452.369

2.3. Vátryggingarverðmæti helstu eigna 1.1.2003 er eftirfarandi í þús.kr.:

Eignatrygging véla og tækja .....	893.902
Aðrar lausafjártryggingar .....	58.929
Birgðatryggingar .....	775.141
Rekstrarstöðvunartrygging .....	1.133.095

## 3. Áhættufé og langtímakröfur

- 3.1. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagunum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar Sláturfélagsins í bókfærðu eigin fé félaganna, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup. Yfirverð félaganna er fært niður á 5-10 árum. Félög sem tekin eru sem hlutdeildarfélag eru Ferskar kjötvörur hf., Ísfugl ehf., Hollt og Gott ehf. og Guld foss A/S í Danmörku. Eignarhlutir í öðrum félagum eru eignfærðir á kaupverði. Tap vegna hlutdeildarfélaga nam á árinu 2002 44,9 millj.kr.
- 3.2. Á árinu keypti Sláturfélag Suðurlands svf. hlut í kjötvinnslufyrirtækinu Ferskum kjötvörum hf. Á árinu jók Sláturfélagið við hlutabréfaeign sína í Guld foss A/S og selt var af hlutabréfaeign félagsins í Ísfugli ehf.
- 3.3. Í ársreikningnum er hlutabréfaeign færð niður um 52,0 millj.kr. vegna óvissu um verðmæti og þar af eru 27,0 millj.kr. gjaldfærðar á þessu rekstrarári.

3.4. Yfirlit skuldabréfaeignar í þús.kr.:

	Vextir	Eftirstöðvar
Verðtryggð bréf .....	5,5-8,0%	45.269
Óverðtryggð bréf .....	9,0-13,0%	4.045
		<u>49.314</u>
Næsta árs afborgun .....		(6.304)
		<u>43.010</u>

3.5. Afborganir skuldabréfaeignar greinast þannig á næstu árum:

Árið 2003 .....	6.304
Árið 2004 .....	6.105
Árið 2005 .....	5.654
Árið 2006 .....	5.195
Árið 2007 .....	4.373
Síðar .....	21.683
	<u>49.314</u>

#### 4. Eigið fé

4.1. Á árinu 2002 nam útborgað stofnfé úr stofnsjóði A-deildar að frádregnu innborguðu stofnfé 8,1 millj.kr. Jöfnunarverðmæti hlutabréfa í B-deild stofnsjóðs er 203,7 millj.kr. Sláturfélag Suðurlands svf. á eigin bréf í B-deild stofnsjóðs að fjárhæð um 7,3 millj.kr. sem færð eru meðal veltufjármuna.

4.2. Yfirlit eiginfjárreikninga í þús.kr.:

	Stofnsjóður A-deild	Stofnsjóður B-deild	Yfirverðsr. hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Annað eigið fé
Yfirfært frá fyrra ári .....	219.341	200.000	159.111	50.000	556.165
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild .....	6.196				
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild .....	(14.310)				
Endurmat fastafjármuna .....					32.251
Reiknuð verðbreytingarfærsla .....					(11.078)
Hagnaður ársins .....					19.042
	<u>211.227</u>	<u>200.000</u>	<u>159.111</u>	<u>50.000</u>	<u>596.380</u>

4.3. Eigið fé félagsins í ársbyrjun nam 1.185 millj.kr. sem jafngildir 1.208 millj.kr. í árslok miðað við 2,0% verðlagsbreytingu innan ársins. Samkvæmt efnahagsreikningi nemur eigið fé 1.217 millj.kr. eða 9 millj.kr. hærri fjárhæð en í ársbyrjun miðað við verðlag í árslok 2002.

## 5. Langtímaskuldir

5.1. Yfirlit langtímaskulda í þús.kr. og vaxtakjör þeirra:

	Vextir	Eftirstöðvar
Lán í erlendum gjaldmiðlum:		
Lán í EUR .....	4,6%	226.252
Lán í USD .....	3,2%	176.539
Lán í SEK .....	5,0%	38.817
Lán í GBP .....	5,8%	71.480
Lán í JPY .....	1,8%	58.526
Lán í DKK .....	4,2%	15.394
Lán í CHF .....	2,5%	15.176
Lán í NOK .....	7,5%	11.067
		<u>613.251</u>
Lán í íslenskum krónum:		
Verðtryggð lán .....	5,7-8,0%	469.900
Óverðtryggð lán .....	9,0-12,0%	8.548
Langtímaskuldir með næsta árs afborgunum .....		1.091.699
Næsta árs afborganir .....		(275.244)
		<u>816.455</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir og í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2002, en vaxtakjör skulda í erlendum gjaldmiðlum breytast miðað við breytingar á markaðsvöxtum á erlendum lánamörkuðum.

5.2. Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu árum:

Árið 2003 .....	275.244
Árið 2004 .....	212.158
Árið 2005 .....	165.980
Árið 2006 .....	278.659
Árið 2007 .....	29.501
Síðar .....	130.157
	<u>1.091.699</u>

## 6. Skattamál

6.1. Skattar vegna rekstrarársins 2002 eru reiknaðir og færðir í ársreikninginn. Eignarskattur er reiknaður 0,6% af skattskyldri eign í árslok eða um 4,4 millj.kr. Tekjuskattur er ekki reiknaður vegna yfirfæranlegs taps. Yfirfæranlegt skattalegt tap nemur í árslok 286 millj. kr. og er það nýtanlegt til ársins 2009 hið skemmsta.

## 7. Skuldbindingar og önnur mál.

- 7.1. Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess að eftirstöðvum 213 millj. kr. í árslok 2002.
- 7.2. Á félaginu hvílir skuldbinding vegna áunninna eftirlauna. Miðað við 3% vexti er núvirði eftirlauna-skuldbindingar 48 millj.kr. og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi. Samkvæmt útreikningum á eftirlaunaskuldbindingu ná greiðslur vegna hennar allt til ársins 2017.
- 7.3. Í lok júlí sl. var undirritað samkomulag á milli Búnaðarbanka Íslands hf. og Sláturfélags Suðurlands svf. um kaup Sláturfélagsins á 67% hlut í kjúklingaframleiðslufyrirtækinu Reykjagarði hf. Samkvæmt samkomulaginu hefur Sláturfélagið kauprétt á 16% hlut til viðbótar. Þar sem áreiðanleikakönnun á stöðu Reykjagarðs hf. er ekki lokið, þá er kaupverð hlutabréfanna ekki fært í ársuppgjöri Sláturfélagsins 2002.
- 7.4. Félagið hefur gert framvirka gjaldmiðlasamninga í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu, en þeir fela í sér skuldbindingar um gjaldeyrisviðskipti á árinu 2003 á föstu gengi. Framvirkir gjaldmiðlasamningar í lok ársins eru að verðmæti um 286 millj.kr.
- 7.5. Á árinu 2002 störfuðu að meðaltali 339 starfsmenn hjá félaginu og námu launagreiðslur til þeirra 722 millj. kr. og annar starfsmannakostnaður 128 millj. kr. Laun stjórnar, forstjóra og yfirmanna megindeilda námu á árinu 34 millj. kr.
- 7.6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig í þús.kr.:

	2002	2001
Vaxtatekjur og verðbætur .....	61.481	51.816
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(99.200)	(119.237)
Gengismunur .....	59.694	(73.487)
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga .....	11.079	41.579
Niðurfærsla á bókfærðu verði hlutabréfaeignar .....	(27.000)	(25.000)
	6.054	(124.329)

## FÉLAGSDEILDIR OG FORMENN 31.12.2002

HÖRGLANDSDEILD	Jón Jónsson, Prestsbakka
KIRKJUBÆJARDEILD	Kjartan Magnússon, Fagurhlíð
MEÐALLANDSDEILD	Guðni Runólfsson, Bakkakoti
SKAFTÁRTUNGUDEILD	Guðgeir Sumarliðason, Austurhlíð
ÁLFTAVERSDEILD	Salvar Júlíusson, Jórvík I
HVAMMSDEILD	Finnbogi Gunnarsson, Suður-Fossi
DYRHÓLADEILD	Einar Magnússon, Norður-Hvoli
A-EYJAFJALLADEILD	Sigurður Sigurjónsson, Ytri-Skógar
V-EYJAFJALLADEILD	Baldur Björnsson, Fitjamýri
A-LANDEYJADEILD	Eiríkur Davíðsson, Kanastöðum
V-LANDEYJADEILD	Brynjólfur Bjarnason, Lindartúni
FLJÓTSHLÍÐARDEILD	Kristinn Jónsson, Staðarbakka
HVOLHREPPSDEILD	Birkir Arnar Tómasson, Móeiðarhvoli II
RANGÁRVALLADEILD	Skúli Jónsson, Selalæk
LANDMANNNADEILD	Páll Sigurjónsson, Galtalæk
HOLTADEILD	Hermann Sigurjónsson, Raftholti
ÁSADEILD	Ísleifur Jónasson, Kálfholti
DJÚPÁRDEILD	Óskar Ólafsson, Bjóluhjáleigu
GAULVERJABÆJARDEILD	Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli
STOKKSEYRARDEILD	Björn Harðarson, Holti I
SANDVÍKURDEILD	Gísli Geirsson, Byggðarhorni II
HRAUNGERÐISDEILD	Þormóður Ólafsson, Hjálmholti
VILLINGAHOLOTSDEILD	Einar Hermundsson, Egilsstaðakoti
SKEIÐADEILD	Aðalsteinn Guðmundsson, Húsatóftum II
GNÚPVERJADEILD	Hjalti Gunnarsson, Fossnesi
HRUNAMANNNADEILD	Steinar Halldórsson, Auðsholti IV
BISKUPSTUNGNNADEILD	Arnór Karlsson, Arnarholti
LAUGARDALSDEILD	Friðgeir Stefánsson, Laugardalshólum
GRÍMSNESDEILD	Tómas Brandsson, Ormsstöðum
ÞINGVALLADEILD	Ólöf Björg Einarsdóttir, Heiðarbæ I
GRAFNINGSDDEILD	Sigurður Hannesson, Villingavatni
ÖLFUSDEILD	Halldór Guðmundsson, Hvammi
MOSFELLSDEILD	Guðmundur Jónsson, Reykjum
KJALARNESDEILD	Haraldur Jónsson, Varmadal
KJÓSARDEILD	Hreiðar Grímsson, Grímsstöðum
HVALFJARÐARSTRANDARDEILD	Matthías Sigurðsson, Hrafnabjörgum I
BORGARFJARÐARDEILD	Sigurður Jakobsson, Varmalæk
LEIRÁR- OG MELADEILD	Sigurður Valgeirsson, Neðra-Skarði
SKILMANNNADEILD	Hreinn Heiðar Oddsson, Litlu-Fellsöxl
AKRANESDEILD	Brynjólfur Ottesen, Ytra-Hólmi

## STARFSHÆTTIR SS

Í gegnum tíðina hafa skapast og verið skapaðar hefðir um það hvernig starfsmenn félagsins vinna að markmiðum sínum. Í samkeppni á markaði leggur félagið áherslu á eftirfarandi starfshætti sem mikilvæga eiginleika SS fólks.

Þessir starfshættir eru hluti af því sem við erum og með mikilvægari þáttum í rekstri félagsins sem stuðla að velgengni.

Starfsháttum okkar viljum við skipta í fimm þætti sem eru eftirfarandi :

### FRUMKVÆÐI

Til að halda forystu á markaði þarf frumkvæði. Frumkvæði til að gera nýja hluti, vera leiðandi. Á markaði látum við hlutina gerast með nýjum vörum, nýrri þjónustu og bjóðum viðskiptavinum okkar verðmæti í viðskiptum sem taka fram því sem keppinautar bjóða. Með þeim hætti einum getum við tryggt stöðu okkar.

Inn á við höfum við frumkvæði til að gera sífellt betur. Jafnt stjórnendur sem aðrir starfsmenn. Ekkert er gert eingöngu af því að það hafi alltaf verið gert eins áður. Umhverfið breytist í sífellu og við þurfum að breytast með og á undan öðrum. Það eina sem breytist ekki er þörfin á sífelldri endurskoðun, sífelldum breytingum.

Við höfum frumkvæði til að leita nýrra leiða til að auðvelda okkur verkin og skapa aukin verðmæti starfsfólki og fyrirtæki til góða.

### SAMVINNA

Heildin er sterkari en einstaklingarnir. Með því að vinna saman að sameiginlegu markmiði náum við árangri. Fyrirtækið er óslitin keðja þar sem reynir á hvern hlekk. Samvinna deilda, samvinna starfsmanna skapar árangursríkan og skemmtilegan vinnustað. Við stefnum fram á við og viljum vaxa í starfi og njóta til þess samvinnu og stuðnings fyrirtækisins.

Í keppni á markaði erum við metin sem heild og það er frammistaða heildarinnar sem skiptir höfuðmáli gagnvart viðskiptavinum.

### GÆÐI

Okkur er treyst til að framleiða og dreifa matvælum til neytenda. Þessu trausti fylgir sú ábyrgð að vanda til verka. Standa undir nafni og styðja og styrkja það álit sem við njótum á markaði. Gott mannorð starfsfólks og fyrirtækis er gulls ígildi. Í allri starfsemi höfum við gæði að leiðarljósi með það að markmiði að gera hvern hlut aðeins einu sinni og gera hann rétt.

### ÞJÓNUSTA

Þjónusta snýst um að viðskiptavinir fái vörur með réttum hætti. Að samskipti þeirra við félagið séu ánægjuleg og árangursrík og að mætt sé þörfum þeirra innan þeirra marka sem félagið setur sér. Þjónusta lýtur einnig að því að sjá fyrir þarfir viðskiptavina og bjóða þeim með þeim hætti aukin verðmæti í viðskiptum við félagið.

Þjónusta snýr einnig inn á við að eigendum og samstarfsfólki. Styrkir samvinnu og gerir kröfu um gagnkvæma virðingu í samskiptum jafnt inn á við sem út á við.

### RÁÐDEILD

Við sýnum ráðdeild í rekstri og bruðlum ekki með fjármuni félagsins. Vinnuumhverfi og búnaður skal uppfylla ströngustu kröfur en ekki vera ofhlaðið eða bera með sér íburð.

Samstarfsmenn, eigendur og viðskiptavinir skulu sjá á öllu framferði okkar að vel sé farið með fjármuni. Hagkvæmni og ráðdeild skapa virðingu.



Sláturfélag Suðurlands svf  
Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík